

Reglur Kjalar stéttarfélags um ferða- og dvalarkostnað trúnaðarmanna vegna trúnaðarmannafunda og trúnaðarmannafræðslu

Trúnaðarmenn, sem sækja fundi á vegum Kjalar og þurfa að ferðast, skulu fá greiddan ferða- og dvalarkostnað samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Trúnaðarmenn skulu ferðast með eins ódýrum hætti og mögulegt er.
 - a. Trúnaðarmenn skulu nýta bílaleigubíla þar sem því verður við komið og þegar fleiri en einn trúnaðarmaður dvelur á sama stað í sömu erindum skulu þeir samnýta bíla eins og kostur er.
 - b. Á þeim stöðum sem ekki er hægt að nýta bílaleigubíl er greiddur ferðakostnaður í samræmi við 60% af gjaldskrá ferðakostnaðarnefndar ríkisins.
 - c. Velji trúnaðarmaður að ferðast á eigin vegum vegna persónulegra aðstæðna er greitt 20% af gjaldskrá ferðakostnaðarnefndar ríkisins.
2. Í þeim tilvikum sem trúnaðarmaður getur ekki ferðast fram og til baka samdægurs, skal félagið sjá honum fyrir gistingu. Tilkynna ber félaginu með 10 daga fyrirvara ef gistingar er þörf.
3. Ef trúnaðarmenn þurfa að dvelja lengur en sex klukkustundir að heiman, skal félagið sjá þeim fyrir fæði eða greiða þeim fæðiskostnað sem nemur hálfum dagpening RSK.
4. Í þeim tilvikum sem ofan ritaðar reglur ná ekki til, skal samið sérstaklega fyrir fram um greiðslur við skrifstofu Kjalar
5. Greiðslur fara fram við næstu mánaðarmót sem eru á eftir viðburði.

Samþykkt í stjórn Kjalar þann 10. desember 2024 og tekur gildi frá 1. janúar 2026